



BÖRNIN Í BORGinni



Rafrænn miðill teymis
þeirra aðila hjá
Reykjavíkurborg sem
starfa með börnum

3. tbl. mars 2009

Margt gott frá Menningar- og ferðamálasviði

Starfsfólk á Menningar- og ferðamálasviði hefur einbeitt sér að því að hlúa að börnum í borginni og fjölskyldum þeirra. Boðin er heimanámsaðstoð í Gerðubergi, sem kallast Heilahristingur, í samstarfi við sjálfboðaliða RKÍ. Fleiri óskir, en áður berast um skipulagða leiðsögn fyrir nemendahópa í menningarstofnunum. Mörg fjölmenningsverkefni eru í gangi. Aðsókn að menningarstofnunum hefur aukist mikið á síðustu mánuðum og má sem dæmi nefna að heimsóknum bókasöfn hefur fjölgað um 18% frá því í janúar 2008.

Borgarstjóri á tíunda fundi teymisins

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Magnús Þór Gylfason, aðstoðarmaður borgarstjóra heimsóttu samstarfsteymið *Börnin í borginni* á 10. fundi teymisins, sem haldinn var 13. febrúar síðastliðinn. Borgarstjóri fékk kynningu á starfi teymisins, sem sett var á laggirnar í haust þegar staðan í samfélaginu breyttist. Að venju gerðu aðilar teymisins grein fyrir stöðunni í sínum málaflokkum, fóru yfir tölur og upplýsingar sem borist höfðu og ræddu málín.

Borgarstjóri hefur fylgst með störfum teymisins frá upphafi og þakkaði þeim sem í því starfa, fyrir þá vinnu sem þeir hafa innt af hendi. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að standa þétt saman og hlúa að börnum og starfsfólki sem starfar við að taka á móti þeim sem leita eftir aðstoð hjá hinum fjölmörgu þjónustustofnunum borgarinnar.



Vefsíður með ýmsar ráðleggingar vegna stöðunnar í samfélaginu

- velferdarsvid.is
- ils.is
- ahus.is
- island.is
- fjolskylda.is
- vr.is
- vinnumalastofnun.is
- felagsmalaraduneyti.is
- mcc.is
- asi.is
- rki.is
- landlaeknir.is
- hlutverkasetur.is
- tr.is
- kirkjan.is

Samráðshópur um líðan fjölskyldna í borginni

Í framhaldi af stofnun hópsins *Börnin í borginni* komu fram hugmyndir um að stofnaður yrði samráðshópur við stofnanir utan borgarkerfisins sem hefðu með líðan fjölskyldnanna í borginni að gera. Stofnaður var starfshópur vegna efnahags- og atvinnumála undir forystu mannréttindastjóra og í samvinnu við Velferðarsvið. Fyrsti fundur hópsins var haldinn þann 19. nóvember 2008 í Ráðhúsi Reykjavíkur og höfðu verið haldnir fjórir fundir í lok febrúar.

Netfangið: bornin@reykjavik.is

Ýmsar ábendingar hafa borist í gegnum netfangið bornin@reykjavik.is. Einnig hafa borist góðar hugmyndir um ýmislegt sem hægt er að gera til að bæta heilsu og líðan barna í borginni. Einn benti til dæmis á að upplagt væri að stuðla að aukinni hreyfingu barna með því að hvetja þau til að ganga í skólann og hætta að keyra þau upp að dyrum. Hefur þetta fyrirkomulag ýmsa kosti. Hreyfingin eykur úthald og hreysti barnanna og útveran bætir líðan. Ef skólinn er úr leið, sparast einnig eldsneyti Sami aðili benti á að með hækkingu söl væri síðan tilvalið að hjóla í stað þess að aka.

Áhersla á málefni unglinga

Teymið leggur áherslu á að skoða sérstaklega málefni unglunga um þessar mundir og gerir það með því að:

- Taka saman heildarupplýsingar yfir stuðningsúrræði og sértæk úrræði fyrir unglunga.
- Móta og leggja fram tillögur um leiðir til að standa vörð um félagsstarf unglunga og stuðningsúrræði.
- Koma fram með tillögur, að beiðni borgaryfirvalda, vegna hugsanlega erfiðra aðstæðna barna sem eiga foreldra sem eru atvinnulausir.

Peir sem sitja í teyminu

Í teyminu sitja eftirtaldir aðilar: Ragnar Þorsteinsson sem er formaður, Valgerður Janusdóttir og Jóhanna Marteinsdóttir frá *Menntasviði*, Auður Jónsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir frá *Leikskólasviði*, Þorsteinn Hjartarson og Þorgeir Magnússon frá *Velferðarsviði*, Gísli Árni Eggertsson frá *Íþrótt- og tómsundasviði*, Anna Kristinsdóttir frá *Mannréttindaskrifstofu* og Sigrún Pálsdóttir frá *Menningar- og ferðamálasviði*. Auk þeirra sitja í teyminu fulltrúar grunnskólustjóra, Ásgeir Beinteinsson og Jónína Ólöf Emilsdóttir, fulltrúi kennara, Þorgerður Diðriksdóttir, fulltrúi leikskólustjóra, Sigurlaug Einarisdóttir og fulltrúi foreldra, Bergþóra Valsdóttir. Stefnt er að því að þetta fréttabréf komi út mánaðarlega með það fyrir augum að miðla upplýsingum um starf teymisins.

Sjá nánar á: www.menntasvid.is